

Veðskuldabréfasjóður ÍV  
Fagfjárfestasjóður  
Ársreikningur 2019

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðra endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Yfirlit um fjárfestingar .....	8
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - fagfjárfestastjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á árinu 2019 að fjárhæð 94,8 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2019 nam 1.178,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

## **Athugasemd stjórnar vegna heimsfaraldursins Covid 19**

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa verið uppi það sem af er árinu 2020 vegna heimsfaraldursins Covid-19. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða og þróun muni hafa á sjóðinn og afkomu hans. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstrarhæfi hans í slíku samhengi.

Stjórn og framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 27. mars 2020.

Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu skjalsins.

Í stjórn ÍV sjóða hf.:

Katrín Káradóttir  
Kolbeinn Friðriksson  
Ingvar Gíslason

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.:

Hreinn Þór Hauksson

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í Veðskuldabréfasjóði ÍV fagfjárfestastjóði.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veðskuldabréfasjóðs ÍV fagfjárfestastjóðs fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019 og breytingu á hreinni eign á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Veðskuldabréfasjóði ÍV fagfjárfestastjóðs í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar við endurskoðunarvinnu okkar.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitkafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningssskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Veðskuldabréfasjóðs ÍV fagfjárfestastjóðs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Akureyri, 27. mars 2020.

**Deloitte ehf.**

Hólmgímur Bjarnason  
Endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarreikningur</b>			
<b>Tekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		515.519	595.944
Aðrar tekjur .....		3.085	0
<b>Heildartekjur</b>		518.604	595.944
<b>Gjöld</b>			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags .....		31.450	32.246
Vörsluþóknun .....		3.280	3.307
Aðrar þóknunir .....		9	12
Vaxtagjöld og verðbætur .....		408.731	471.515
Önnur gjöld og kostnaður .....		2.025	1.515
<b>Heildargjöld</b>		445.494	508.595
<b>Gengisbreyting eigna, hagnaður</b> .....		21.712	23.604
<b>Hagnaður ársins af rekstri</b> .....		94.822	110.953
<b>Yfirlit um breytingu á hreinni eign</b>			
<b>Hrein eign í ársbyrjun</b> .....		1.084.003	973.050
<b>Hrein eign í árslok</b> .....	3	1.178.825	1.084.003

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Framseljanleg verðbréf .....		7.142.748	7.422.104
Hlutdeildarskírteini .....		525.805	351.703
Verðbréf samtals		<u>7.668.553</u>	<u>7.773.807</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Reiðufé .....		21.095	22.562
Aðrar eignir .....		18.955	0
Aðrar eignir samtals		<u>40.050</u>	<u>22.562</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>7.708.603</u></u>	<u><u>7.796.369</u></u>
<b>Skuldir</b>			
Útgefin skuldabréf .....	4	6.526.490	6.709.131
Skuld við rekstrarfélag .....		2.627	2.670
Skuld við vörslufyrirtæki .....		568	275
Aðrar skuldir .....		93	290
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>6.529.779</u></u>	<u><u>6.712.366</u></u>
Hrein eign .....	3	1.178.825	1.084.003
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina .....		805.800	805.800
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok .....		1,46	1,35

# Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2019

Veðskuldabréfasjóður ÍV	31.12.2019		31.12.2018	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
<b>Skuldabréfaeign</b>				
Lindarvatn ehf., LIND 16 1 .....	490.074	6,4%	495.857	6,4%
Hótel Selfoss ehf. v/Eyrarvegur 2 .....	411.408	5,3%	408.147	5,2%
Gullhamrar veitingahús ehf. v/Þjóðhildarstígur 2-6 .....	404.176	5,2%	401.864	5,2%
Almenna X ehf. v/Vatnsstíg 11 .....	377.310	4,9%	378.026	4,8%
Kísiliðjan hf. v/Suðurlandsbraut 30 .....	358.847	4,7%	356.876	4,6%
Vesturhraun ehf. v/Vesturhraun 5 .....	331.515	4,3%	331.479	4,3%
Hótel Valhöll ehf. v/Þingholtsstræti-Seljugerði .....	326.955	4,2%	330.485	4,2%
SAB ehf. v/Urðarhvarf 2 .....	312.611	4,1%	312.620	4,0%
Kaskur ehf. v/Hamraborg 7 .....	279.558	3,6%	278.205	3,6%
LHF ehf., v/Suðurlandsbraut 4a .....	273.884	3,6%	274.341	3,5%
Vellir 15 ehf., v/Tangarb. 14-16 .....	226.119	2,9%	225.873	2,9%
MH Kleifar fasteignir ehf., v/Kringlunnar 8-12 .....	225.501	2,9%	232.796	3,0%
Hvannir ehf., v/Þórunnartún 4 .....	181.291	2,4%	181.347	2,3%
Þrengsli ehf. v/Bergþórugötu 23 .....	164.971	2,1%	163.886	2,1%
Vellir 15 ehf., v/Tröllakór 9-11 .....	148.164	1,9%	145.842	1,9%
ES Capital ehf. v/Bárugata 4 .....	142.074	1,8%	141.913	1,8%
Viðarhöfði ehf., v/Viðarhöfða 3 .....	138.279	1,8%	137.402	1,8%
Austurhraun 3, v/Austurhrauns 3 .....	131.994	1,7%	131.157	1,7%
Bílasala Suðurlands ehf. v/Fossnes 14 .....	130.907	1,7%	130.018	1,7%
Ormsvöllur ehf., v/Bíldshöfða 12 .....	125.392	1,6%	125.325	1,6%
GO-101 ehf. v/Njarðargötu 29 .....	120.124	1,6%	118.690	1,5%
ÞJ13 ehf., v/Hrísateigur o.fl. ....	112.542	1,5%	114.047	1,5%
Vellir 15 ehf., v/Ásakór 15 .....	111.246	1,4%	109.575	1,4%
Hvolur ehf., v/Dufþaksbraut 10A .....	101.283	1,3%	175.448	2,3%
Bak Höfn ehf. v/Vesturvör 13 .....	98.869	1,3%	98.334	1,3%
Magnús ehf. v/Nönnugata 7 .....	92.627	1,2%	92.690	1,2%
Kaupangur fasteignas. ehf., v/Bergstaðastrætis 78 .....	90.844	1,2%	90.232	1,2%
SB52 Holding ehf., v/Suðurlandsbraut 48 og 52 .....	88.247	1,1%	87.661	1,1%
ROR ehf. v/Laugavegur 86-94, Njarðargata 27 .....	85.857	1,1%	84.950	1,1%
1571 ehf., v/Þrastarness 4 .....	82.999	1,1%	82.355	1,1%
Turninn 800 ehf., v/Eyrarvegs 2 .....	82.855	1,1%	83.768	1,1%
PKP eignarhaldsfélag ehf., v/Smiðjuvegur 9 .....	79.006	1,0%	80.588	1,0%
FP ehf. Ráðhústorg 3 .....	70.969	0,9%	70.467	0,9%
Rúgbrauð ehf. v/Borgartún 6 .....	66.919	0,9%	66.423	0,9%
Mynt og merki ehf., v/Akralindar 5 .....	63.375	0,8%	62.844	0,8%
Fasteignafélagið Mottó ehf., v/Grensásvegur 3 .....	59.706	0,8%	61.087	0,8%
Sigurás ehf. v/Fitjabraut 1B .....	52.395	0,7%	52.428	0,7%
Dverghamrar ehf. v/Hvaleyrarbraut 39 .....	49.438	0,6%	49.614	0,6%
Þrengsli ehf. v/Laugavegur 86-94 .....	47.154	0,6%	47.558	0,6%
Heyrn ehf. v/Hlíðarsmára 19 .....	45.289	0,6%	45.385	0,6%
JÁS 3 ehf. v/Skólavörðustíg 3 .....	43.996	0,6%	43.656	0,6%



## Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2019 frh.:

	31.12.2019		31.12.2018	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
<b>Veðskuldabréfasjóður ÍV frh.</b>				
Laugavegur 56 ehf. v/Hverfisgötu 100 .....	40.916	0,5%	40.474	0,5%
Kaffihúsið ehf. v/Njálsgötu 48a .....	40.623	0,5%	49.276	0,6%
Margt gott ehf./Fóbos ehf. v/Grensásvegur 3 .....	37.239	0,5%	37.716	0,5%
Mal ehf., v/Ármúli 17 .....	37.150	0,5%	37.160	0,5%
Bankastræti fasteignafélag ehf., v/Bankastræti .....	31.728	0,4%	31.141	0,4%
Fjárborg eignir ehf., v/Síðumúla 25 .....	26.903	0,3%	27.204	0,3%
Gullhellir ehf. v/Bíldshöfða 18 .....	25.456	0,3%	25.159	0,3%
Skák ehf. v/Melabraut 20 .....	24.719	0,3%	24.890	0,3%
Sogamýri ehf., v/Suðurlandsbrautar 46 .....	19.336	0,3%	19.947	0,3%
F1 ehf., v/Bolafótur 13 .....	19.403	0,3%	19.390	0,2%
F1 ehf., v/lðavalla 3 .....	12.505	0,2%	12.493	0,2%
Navarana ehf., v/Njálsgötu 19 .....	0	0,0%	90.647	1,2%
Fitjaborg ehf. v/Austurstræti 3 .....	0	0,0%	40.756	0,5%
Guðmundur Hafsteinsson ehf. v/Akralind 6 .....	0	0,0%	38.441	0,5%
Refisul ehf. v/Gjáhella 7 .....	0	0,0%	26.151	0,3%
Framseljanleg verðbréf, samtals	7.142.748	92,7%	7.422.104	95,2%
<b>Hlutdeildarskírteini</b>				
ÍV Skammtímasjóður .....	525.805	6,8%	351.703	4,5%
	525.805	6,8%	351.703	4,5%
Heildarverðmæti verðbréfa .....	7.668.553	99,5%	7.773.807	99,7%
Reiðufé .....	21.095	0,3%	22.562	0,3%
Aðrar eignir .....	18.955	0,2%	0	0,0%
Heildareignir .....	7.708.603	100,0%	7.796.369	100,0%

# Skýringar

---

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - fagfjárfestisjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af ÍV sjóðum hf. sem er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi móðurfélagsins vegna eðlis starfseminnar.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2020. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

### b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

### c. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir ÍV sjóðum hf. 0,4% umsýsluþóknun sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af heildareignum sjóðsins.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

### d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eru metin á útgefnum kaupgengi sem gildi í árslok 2019.

### e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteignum. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### g. Skattamál

Fagfjárfestisjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteininum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteininum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## Skýringar frh.:

### 3. Hlutdeildarskírteini

Nafn - og raunávöxtun sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV í árslok 2019

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2018
<b>Nafnávöxtun</b>				
Veðskuldabréfasjóður ÍV .....	3,09%	5,22%	9,10%	8,88%
<b>Raunávöxtun</b>				
Veðskuldabréfasjóður ÍV .....	2,50%	4,15%	6,26%	5,46%
Yfirlit um bókfært verðmæti		<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Veðskuldabréfasjóður ÍV .....		1.178.825	1.084.003	973.050
Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.				
Veðskuldabréfasjóður ÍV .....		1,46	1,35	1,21

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign 31.12.2019 %	Eign 31.12.2018 %	Breyting	Fjárfestingarstefna	
				Lágmark %	Hámark %
<b>Veðskuldabréfasjóður ÍV</b>					
Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði .....	78	81	-3	80	100
Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði .....	10	11	-1	0	20
Einstakur útgefandi .....	6	6	0	0	20
Einstök útgáfa .....	6	6	0	0	10

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting

Veðskuldabréfasjóður ÍV	kr.	%
Framseljanleg skuldabréf.....	7.142.748	93
Hlutdeildarskírteini .....	525.805	7
Reiðufé .....	21.095	0
Aðrar eignir .....	18.955	0
Heildareignir .....	<u>7.708.603</u>	<u>100</u>

### 4. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur meðal annars út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum. Gjaldtagi höfuðstóls bréfanna er 1. maí 2044.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

**Bókfært verð  
31.12.2019**

Verðtryggð lán ..... 6.526.490

## Skýringar frh.:

---

### 5. Fjárfestingartímabil sjóðsins

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 26. febrúar 2017. Eins og reglur sjóðsins tilgreina hafa ekki verið teknar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar eftir það. Sjóðstjóri er Hreinn Þór Hauksson, framkvæmdastjóri ÍV sjóða. Vísað er til heimasíðu sjóðsins [www.viv.is](http://www.viv.is) og heimasíðu ÍV sjóða [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is) fyrir nánari upplýsingar.

### 6. Atburðir eftir reikningsskil

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna kórónuveirunnar Covid-19. Breytingar í efnahagsumhverfi sjóðsins og afleiðingar þeirrar þróunar eru líklegar til að hafa einhver neikvæð áhrif á fjárfestingareignir hans á árinu 2020. Veruleg óvissa er þó um umfang og efni slíkra áhrifa hvað viðkemur rekstri sjóðsins til skemmri eða lengri tíma. Það er þó mat stjórnenda sjóðsins að ekki sé vafi um rekstrarhæfi hans.

# Undirritunarsíða

Hreinn Þór Hauksson

Kolbeinn Friðriksson

Ingvar Már Gíslason

Katrín Káradóttir

Hólmgrímur Pétur Bjarnason